

Fundargerð 553

Fimmtudaginn 16. október 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Framtíð, Djúpavogi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Steindór R. Haraldsson (SRH) boðaði forföll og hafði varamaður hans ekki tök á að mæta.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 2 í gegnum fjarfundarbúnað), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 2-9), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs (við dagskrárliði 2-9), Sigfús Ólafur Guðmundsson (SÓG) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6 í gegnum fjarfundarbúnað), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs (við dagskrárliði 2-9), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 2-9), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5 í gegnum fjarfundarbúnað) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs (við dagskrárliði 2-9) sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Mat á hæfi og hæfni stjórnar - til afgreiðslu
2. Áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs - til kynningar
3. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Lánsbeiðni - til afgreiðslu
 - c. Málskot - til afgreiðslu
4. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
5. Staðsetning starfa á vegum ríkisins - til kynningar
6. Framkvæmd samninga um atvinnuráðgjöf - til kynningar
7. Kynning á aflamarki Byggðastofnunar - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Mat á hæfi og hæfni stjórnar - til afgreiðslu

Í aðdraganda fundar fengu stjórnarmenn sendan spurningalista til útfyllingar, sem byggir á formi frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA). Samkvæmt stefnu Byggðastofnunar skal formið notað til að framkvæma sjálfsmat á hæfi stjórnarmanna og stjórnar í heild en formið hefur verið uppfært svo samhliða geti farið fram mat á árangri starfa, verklags og starfshátta stjórnar, skv. reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar.

Umræður fóru fram um niðurstöður sjálfsmatsins og var í sameiningu fyllt inn í viðeigandi reiti formsins um m.a. helstu styrkleika og veikleika stjórnar í heild, og þætti sem mega betur fara.

Stjórnarmenn sammæltust um að ekki væri þörf á frekari umræðum um sjálfsmatið að svo stöddu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME.

Stjórnarmenn óska eftir kynningu á þeim þáttum matsins sem sjálfsmatið gefur til kynna að þörf sé á.

2. Áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs - til kynningar

MH, HÁ, HP, SÁ og SEÞ komu inn á fundinn og EHP tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs 2025 sem EHP kynnti. Eru allir mælikvarðar skv. áhættustefnu innan tilskilinna marka.

Til máls tóku MS, HÁ, AME, VÞÁ og HP.

EHP vék af fundi.

3. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 34/25 - 36/25 sem HP reifaði.

Til máls tóku MS, HP, VÞÁ og AME.

b. Lánsbeiðni - til afgreiðslu

...

c. Málskot - til afgreiðslu

...

4. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 30. september 2025 sem SEÞ og AME kynntu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

5. Staðsetning starfa á vegum ríkisins - til kynningar

ÞS tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti nýútkomna skýrslu um staðsetningu starfa á vegum ríkisins.

Til máls tóku MS, HGÓ og VÞÁ.

ÞS vék af fundi.

6. Framkvæmd samninga um atvinnuráðgjöf - til kynningar

SÓG tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti nýja skýrslu um framkvæmd samninga um atvinnuráðgjöf.

Til máls tóku HGÓ, SEÞ, HB, HÓ og MS.

SÓG vék af fundi

7. Kynning á aflamarki Byggðastofnunar - til kynningar

SÁ kynnti aflamark Byggðastofnunar, hvernig það hafi þróast og hvernig verklagið er við úthlutun og eftirfylgni.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME, SEÞ og HÁ.

8. Önnur mál

Sóknarsjóður til stuðnings litilla og meðalstórra fyrirtækja í Grindavík

HP upplýsti um stöðuna á afgreiðslu umsókna. Gert er ráð fyrir að boða stjórn á fjarfund í lok október til að afgreiða umsóknir.

Til máls tók MS.

9. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun er 27. nóvember og er fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:08

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Vigfús Þórarinn Ólafsson